

Skólaráð Þingeyjarskóla

Fundur haldinn í Þingeyjarskóla fimmtudaginn 5. desember 2024 kl. 13:00.

Mætt: Lilja Friðriksdóttir skólastjóri (stýrir fundinum), Katla Valdís Ólafsdóttir fulltrúi kennara (ritaði fundargerð), Þórdís Jónsdóttir fulltrúi starfsmanna, Erna María Halldórsdóttir fulltrúi foreldra, Sunneva Mist Ingvarsdóttir fulltrúi foreldra, Ívar Örn Ketilsson fulltrúi nemenda og Hinrik Sigurbjörnsson fulltrúi nemenda.

Efni fundar:

- **Hlutverk skólaráðs**

Lilja fór yfir hlutverk skólaráðs.

Hlutverk skólaráðs er að skapa lýðræðislegan vettvang þar sem raddir allra fulltrúa skólasamfélagsins eiga að heyrast. Skólaráð á að vera samráðsvettvangur aðila úr skólasamfélaginu þar sem fulltrúar deila upplýsingum og skiptast á skoðunum með það að markmiði að komast að sameiginlegri niðurstöðu um málefni sem varðar stefnu skólans og sérkenni hans. Rætt var um fulltrúa úr nærsamfélaginu í skólaráð og ýmsar tillögur lagðar til. Skólastjóra falið að heyra í þeim aðilum.

- **Starfsáætlun skólaráðs**

Áætlað er að halda a.m.k. einn fund á hvorri önn. Skólastjóri leggur til að hafa tvo fundi í viðbót á þessu skólaári. Einn þegar skoða þarf skóladagatalið og annan þegar fer að nálgast vorið.

- **Starfsáætlun og skólanámskrá Þingeyjarskóla**

Fulltrúar í skólaráði fengu áætlanirnar sendar fyrir fundinn.

Starfsáætlun er breytileg á milli ára en skólanámskrá er endurskoðuð annað hvert ár. Búið er að birta endurskoðaða skólanámskrá fyrir 2024-2026 og starfsáætlun fyrir skólaárið 2024-2025 á heimasíðu skólans.

- **Skólaárið fram að þessu**

- Nemendur í grunnskólanum eru 73 á þessu skólaári, starfsmenn eru í kringum 30 talsins og eru stöðugildi í kennslu um 12. Verið er að samnýta kennara á milli leik- og grunnskóla, þá helst sérkennara og list- og verkgreinakennara.
- Skólastjóri greindi frá nýju skipuriti sem unnið var í haust í samvinnu við miðstöð skólaþróunar HA.
- Þingeyjarskóli er í þróunarverkefninu *Læsi fyrir lífið*.

- Haustfundir með foreldrum voru haldnir í haust og er það m.a. liður í að auka samtalið á milli heimila og skóla.
- Búið er að vinna rýmingaráætlun fyrir Þingeyjarskóla og er stefnt á rýmingaræfingu með slökkviliðsstjóra í janúar.
- Skólastjóri greindi frá því að verið væri að vinna sameiginlega áætlun vegna óveðurs og/eða ófærðar í sveitarfélaginu.
- Fréttabréf Þingeyjarskóla verður gefið út í næstu viku og svo reglulega á vorönn.
- Fulltrúi foreldra benti á að það væri sniðugt að vera með foreldrafræðslu um jákvæðan aga. Skólastjóri ætlar að kanna hvort það sé fræðsla sem foreldrafélagið geti boðið upp á.
- **Fjárhagsáætlun**
 - Fjárhagsárið er að klárast og vinnu við fjárhagsáætlun fyrir næsta ár fer að ljúka. Þau verkefni sem sett voru í forgang varðandi viðhald voru m.a. tengd forstofu, flísun í inngangi og nemendasalernum, verkgreinastofum og þá sérstaklega heimilisfræðistofu, skólalóð og opnanlegum fögum/flóttaleiðum út úr kennslustofum.
- **Önnur mál**
 - Fulltrúar foreldra ræða um að hafa námsframvinduna meira sýnilegt fyrir foreldrum.
 - Fulltrúar nemenda ræddu um klefana í Ýdölum, gólfíð væri illa farið í karlaklefanum og óskuðu eftir úrbótum.
 - Fulltrúi foreldra spurði varðandi símamál í skólanum og hvort hefði ekki komið til tals að hafa skólann síma lausann.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13:52